

## Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla

Mættir voru á aðalfundinn úr stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrédóttir, Arnar Stefánsson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Helga Erla Albertsdóttir. Á fundinn mættu auk stjórnar foreldrar 7 barna í Heiðarskóla.

Heiðarskóli 2. júní 2020 kl. 20:00. Aðalfundur

---

### Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla stjórnar
5. Skýrsla gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning nýrrar stjórnar og skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

#### 1. Fundur settur

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla var settur af formanni foreldrafélagsins Kristjáni Geirssyni.

#### 2. Kosning fundarstjóra

Ragnheiður Garðarsdóttir var kosin fundarstjóri.

#### 3. Kosning fundarritara

Helga Erla Albertsdóttir var kosin fundarritari.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Kristján Geirsson formaður Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir ársskýrslu stjórnar foreldrafélagsins skólaárið 2019 – 2020 og gerði grein fyrir störfum stjórnarinnar sem tilgreind eru í ársskýrslunni. Skýrsla stjórnar samþykkt.

#### 5. Skýrsla gjaldkera

Inga Brynja Magnúsdóttir gjaldkeri Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir rekstrarreikning félagsins skólaárið 2019-2020. Einnig farið yfir ógreidda en samþykkt styrki sem skráðir verða í rekstrarreikning næsta skólaárs.

Tilnefndir skoðunarmenn Gísli A Jónasson og Elísabet Björnsdóttir hafa yfirlit yfir rekstrarreikning skólaársins 2019 - 2020 og samþykkt með undirritun sinni.

Rekstrarreikningur Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2019 - 2020 var borinn upp til samþykktar á aðalfundinum og var hann samþykktur af öllum aðilum fundarins.

**6. Lagabreytingar á lögum félagsins.**

Engar breytingar á lögum félagsins.

**7. Kosning stjórnar og kosning skoðunarmanna reikninga**

**Stjórn:** Aðilar í stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2019 - 2020 voru Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnar Stefánsson og Helga Erla Albertsdóttir.

Kristján, Inga Brynja, Arnar, Davíð og Helga bjóða sig fram til áframhaldandi setu í stjórn foreldrafélags Heiðarskóla næsta skólaár.

Engar aðrar tillögur í stjórn kom fram en mögulegar viðbætur í stjórn foreldrafélagsins verða í byrjun nýju skólaári. Framangreindar tillögur bornar upp og samþykktar.

**Skoðunarmenn:** Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga yrðu Gísli A. Jónasson og Elísabet Lovísa Björnsdóttir.

**8. Önnur mál**

Umræður voru um þema tengt fyrirkomulag Heiðarleikanna.

Aðalfundi var slitið kl 20:40.